

*Alþingi
Erindi nr. P 131/1120
komudagur 21.3.2005*

Umsögn

Málsnr.: 0503130SA

Dags.: 21. mars 2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 101

um drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum

Stjórnin gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Nauðsynlegt er þó að skilgreina nánar hugtakið „aukinn meirihluti“ í b-lið 1. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að átt sé við 2/3 hluta greiddra atkvæða. Nauðsynlegt er að þetta komi fram í lagatexta og því er lagt til að 1. mli. b-liðar 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að í stað „... auknum meiri hluta ...“ komi: ... 2/3 hlutum greiddra ...

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 17. mars 2005.



Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri lögfræðisviðs.

Bókun stjórnar sambandsins 17. mars 2005

Stjórnin vísar til þess sem fram kom á blaðamannafundi félagsmálaráðherra og formanns sambandsins 19. ágúst 2004 um að annað meginhlutverk tekjustofnanefndar væri að kanna hvort tekjustofnar sveitarfélaga væru í samræmi við lögskyld og venjubundin verkefni þeirra. Ljóst er að allt frá því að nefndin tók til starfa hefur gætt mikillar tregðu hjá fulltrúum ríkisvaldsins í nefndinni til að takast á við það verkefni. Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni hafa á hinn bóginn ítrekað lagt fram tillögur og hugmyndir um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að styrkja fjárhagsgrundvöll þeirra. Þann drátt á því að nefndin skili niðurstöðum sínum má því rekja til afstöðu fulltrúa ríkisins í nefndinni og umbjóðenda þeirra.

Á fundum stjórnar sambandsins hefur ítrekað verið gerð grein fyrir framgangi starfa nefndarinnar og ljóst er að allir fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni hafa lagt sig fram um að gæta þar hagsmuna sveitarfélaganna og halda fram sjónarmiðum þeirra. Eftir fjölda funda í nefndinni og aðrar viðræður við fulltrúa ríkisvaldsins er full ljóst að ekki verður að þessu sinni komið frekar til móts við sjónarmið sveitarfélaganna. Stjórnin tekur undir það sjónarmið sem farn kemur í skilabréfi tekjustofnanefndar þar sem segir „að fulltrúar sveitarfélaga líti á þessa tillögu sem áfanga í áttina að frekari eflingu tekjustofna sveitarfélaga“.

Það er mat stjórnarinnar að niðurstöður og tillögur tekjustofnanefndar líti fyrst og fremst að því að styrkja fjárhagsstöðu þeirra sveitarfélaga sem eiga við mesta fjárhagslega erfiðleika að etja. Á hinn bóginn leiða þær ekki nema að takmörkuðu leyti til varanlegrar styrkingar á tekjustofnum sveitarfélaga almennt.

Að frátalinni niðurfellingu undanþága frá greiðslu fasteignaskatts eru tillögurnar tímabundnar og því einungis áfangi að því marki að tekjustofnarnir verði varanlega styrktir. Stjórnin telur því að forsenda hugsanlegs flutnings nýrra verkefna frá ríki til sveitarfélaga sé að núverandi tekjustofnar þeirra verði styrktir með hliðsjón af þeim lögskyldu og venjubundnu verkefnum sem þeim ber að sinna.

Bókun Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, Sigrúnar Jónsdóttur og Lárusar Valdimarssonar á stjórnarfundi 17. mars 2005

Undirrituð taka undir bókun Lúðvíks Geirssonar, fulltrúa sambandsins í tekjustofnanefnd. Við teljum alls ekki nógu langt gengið og erum ósátt við þær niðurstöður sem þar birtast. Að öðru leyti hefðum við talið eðlileg, lýðræðisleg vinnubrögð að vísa málinu til meðferðar landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefist á morgun.

Samþykkt 19. landsþings sambandsins 18. mars 2005

19. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 18. mars 2005, tekur undir bókun stjórnar sambandsins um þá niðurstöðu tekjustofnanefndar að hér sé fyrst og fremst um tímabundna ráðstöfun að ræða sem leiði ekki nema að takmörkuðu leyti til varanlegrar styrkingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Það er skýr afstaða landsþingsins að jafnhliða flutningi nýrra verkefna frá ríki til sveitarfélaga liggi fyrir samkomulag um fjármögnun verkefnanna. Enn fremur verði því markmiði náð sem stefnt var að, að treysta fastan tekjugrunn sveitarfélaga til framtíðar og um leið að leiðrétta þá tekjuskerðingu og útgjaldaaukningu sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir á umliðnum árum.